

Viðbótar aðgerðir

Samgöngur

- ☐ Hjólað í vinnuna
- ☐ Bílastæði eru ekki niðurgreidd fyrir starfsmenn
- ☐ Hreinorkubílar í bílaflotanum eru notaðir hlutfallslega mest og eknir grænir kílómetrar því X
- ☐ Samgönguáskorun
- ☐ Allt starfsfólk fær aflsátt af strætókorti
- ☐ Þegar farið er á fundi getur starfsfólk nálgast strætómiða á vinnustaðnum eða fengið slíkan miða sendan í gegnum Strætó appið.
- ☐ Starfsfólki er boðið upp á yfirferð á hjólunum sínum á vorin
- ☐ Við höldum námskeið um vistakstur reglulega til að draga úr eldsneytisnotkun í rekstri
- ☐ Samferða i vinnuna átak þar sem starfsfólk sem búa í sama hverfi eru hvött til að vera samferða í bíl til vinnu.
- ☐ Við notum HVO (lífrænan dísil) á alla okkar dísil bíla í stað jarðefnaeldsneytis
- ☐ Við erum með metan bíla í flotanum okkar
- ☐ Bjóða upp á rafhlaupahjól eða deilihjól.
- ☐ Koma upp hjólaviðgerðaraðstöðu.
- ☐ Setja upp loftdælu fyrir reiðhjól.

Hringrás og endurnýting

- ☐ Búningaskiptimarkaður fyrir öskudag og Hrekkjavöku
- ☐ Skiptimarkaður fyrir skógjafir í desember til að endurnýta t.d. leikföng eða bækur sem börn starfsfólks eru hætt að nota en eru þá eins og ný fyrir börn annarra.
- ☐ Pottaplöntuskiptimarkaður
- ☐ Sparifatamarkaður fyrir jólin fyrir fullorðna
- ☐ Sparifatamarkaður fyrir jólin fyrir börn
- ☐ Bókaskiptimarkaður
- ☐ Haldin viðgerðardagur þar sem starfsfólk getur komið með föt eða raftæki að heiman og fengin er aðili sem gerir við á staðnum.
- ☐ Höfum vinnustofu fyrir jólin þar sem búnir eru til fjölnota gjafapokar fyrir jólin

Umhverfisátök og samfélagsverkefni

- ☐ Tókum þátt í strandhreinsun
- ☐ Tókum þótt í stóra plokkdeginum

Líffræðileg fjölbreytni

- ☐ Viljandi villt á lóð stofnunarinnar
- ☐ Gróðursetja tré eða annan gróður á lóð stofnunarinnar.
- ☐ Planta blómum sem styðja við frævun.

Annað

- ☐ Gjafir sem stofnunin eða starfsmannafélagið gefur er ávallt upplifun
- ☐ Rafvæðing í garðslætti, dregur úr olíunotkun sem og lífrænum úrgangi